

FORSETA BRÉF**32**

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1959.

11. maí

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Þar eð Alþingi, 78. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnskipunar-
laga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944, ber samkvæmt
79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi og stofna til almennra kosninga.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 28. júní 1959. Jafnframt
ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnu-
daginn 28. júní 1959.

Alþingi er nú situr, mun verða slitið, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.***FORSETA BRÉF****33**

um þinglausnir.

14. maí

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Alþingi, 78. löggjafarþing, mun ljúka störfum í dag, fimmtudaginn 14. maí 1959.
Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.***L Ö G****34**

um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands
að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

9. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram 1 milljón Bandaríkjadollara sem
stofnframlag í Evrópusjóðinn og að taka að láni innanlands samsvarandi fjárhæð
vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

A 17

34

9. maí

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán samkvæmt Gjaldeyrissamningi Evrópu, er nemi allt að 2 milljónum dollara.

Auk þess heimilast ríkisstjórninni að taka að láni samkvæmt gjaldeyris-samningnum jafnháa fjárhæð því, sem endurgreitt er á hverjum tíma af skuldum Íslands í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu, allt að 6 milljónum dollara. Jafnóðum og lántökuheimildir eru notaðar, skal andvirðið í krónum greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, seðlabankann, og því varið til endurgreiðslu lánanna, og má ekki verja því til annars.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um endurgreiðslu á skuldum Íslands, sem urðu til í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu og stofnað var til samkvæmt heimild í lögum nr. 35 13. apríl 1954, þannig að endurgreiðsla verði innt af höndum á allt að 7 árum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

35

23. maí

L Ö G

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka skuldabréfalán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 30000000.00 — þrjátíu milljónum króna — enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga. Þessa verðtryggingu má miða hvort sem er við einstaka rafmagnstaxta eða vísitölu nokkurra rafmagnstaxta.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.